

Fjárlaganefnd Alþingis

Efni: Fræðasetur um forystufé.

Fræðasetur um forystufé hefur verið starfandi í ellefu ár. Það var stofnað af hópi félaga og byggt upp af þeim, mikið í sjálfböðavinnu. Það er til húsa í gamla samkomuhúsinu á Svalbarði í Þistilfirði.

Forystufé er viðurkennt sem sérstakur stofn frá árinu 2017, áður var það talið hluti af íslenska fjárstofninum. Forystufé er hvergi til í heiminum nema hér á landi. Það hefur fylgt Íslendingum allt frá landnámi, það er ræktað vegna sérstakra gáfna og var nauðsynlegt í beitarbúskap í gegnum aldirnar. Núna eru til um 1.400 hreinræktaðir einstaklingar og allt forystfé á uppruna sinn í Norður-Þingeyjarsýslu.

Þar sem forystufé er svona fátt uppfyllir það flest skilyrði til að vera viðurkennt sem tegund í útrýmingarhættu. Við erum í ferli í þá átt, það er búið að skrá alla hreinræktaða einstaklinga á miðlægan gagnagrunn sem er eitt af þrepum í átt að viðurkenningu.

Yfir sumarið er Fræðasetur um forystufé opið alla daga og hefur Uppbyggingasjóður styrkt setrið til að geta greitt starfsfólki laun. Rekstur setursins er að öðru leyti sjálfbær að mestu. Ekki hafa þó verið til peningar í viðhald. Fyrir tveimur árum fengum við styrk upp á 3.000.000 sem eingreiðslu frá atvinnuvegaráðuneyti. Þessir peningar duga fyrir helmingi af ætluðum kostnaði við að einangra og klæða utan húsið sem hýsir Fræðasetur um forystufé. Nú er þessu verið lokið.

Það er von okkar að fjárlaganefnd geti komið okkur á föst fjárlög en til vara að styrkja okkur til að geta klárað að einangra og klæða húsið.

Með bestu kveðjum og þökkum.

Daníel Hansen forstöðumaður Fræðaseturs um forystufé.